

Blái geislinn og þróun hans

Nú kemur blái geislinn til athugunar. Er hann að sumu leyti einhver markverðasti geislinn, einkum fyrir oss, Vesturlandabúa. Er það meðal annars vegna þess, að kristna trúin stendur í nánú sambandi við hann. Er hann oftlega nefndur trúargeislinn. Mun það nafn vera tengt við hann af þeim ástæðum.

Blái geislinn er, eins og áður hefur verið vikið að, efnisgeisli eða formgeisli gula geislans, þess geisla, sem mannkynsfræðararnir starfa á.

Það er að líkindum ein ástæðan af mörgum fyrir hinni nánú og alveg sérstæðu samvinnu, sem var á milli meistarans Maitreya og Jesú, er Jesús hóf starf sitt á Gyðingalandi fyrir 19 öldum til þess að gefa heiminum kristnu trúna.

Hér ætla ég ekki að ræða um þetta samband sérstaklega, því að það er í innsta eðli sínu mjög dularfullt og óskýranlegt þeim, sem enga vitund hafa um hærri vitund og viðhorf þau, sem þar eiga sér stað, enda fellur það ekki beinlínis inn í verkefni þessara greina um geislana.

Ghohan bláa geislans.

Eins og sagt er hér að framan, er Meistarinn Jesús stjórnandi bláa geislans eða vinnur á þeim geisla. Hefur hann yfirumsjón með þróun þeirra verkefna, sem teljast þeim geisla.

Verkefni hans eru meðal annars að hafa umsjá með starfsemi kristnu kirkjunnar hvar sem er í heiminum og aðstoða alla þá, sem þróast undir áhrifum kristnu trúarinnar. Er þar engin sérgrein kristnu trúarinnar undan tekin. Þær eru allar undir umsjá hans. Hann kvað hafa náíð vitundarsamband við nokkra ráðamenn katólsku kirkjunnar og biskupakirkjunnar ensku í því skyni að beina áhrifum þeirra í ákveðnar áttir. Hann kvað einnig beina starfsemi sinni að þróun vestrænu þjóðanna almennt, Norðurálfunnar og Ameríku, og hafa náíð samstarf með öðrum meisturum, þeim, sem hafa sérstaklega á hendi umsjón með þróun þessara þjóða. Hann er talinn að vera Marsmaður eða undir áhrifum Mars og er því mjög miklum þrótti gæddur og seiglu. En þó er hann mildur og þrunginn kærleika, svo miklum, að ógerningur er að lýsa.

Chohaninn Jesús er Sýrlendingur og býr í Libanonsfjöllum. Hann kvað ferðast mikið og hefur marga lærisveina, einkum meðal kirkjunnar manna.

Meistarinn Jesús lauk nemandapróun sinni á Gyðingalandi fyrir 19 öldum, er hann færði hina miklu fórn að gefa heiminum kristnu trúna eða að leggja áherzlu á nýja hlið trúarbragðanna, sem á undan honum höfðu verið stofnsett og starfrækt. Fórn hans lá í því meðal annars að veita viðtöku þeim óhjákvæmilegu afleiðingum, sem því hlutu að vera samfara. Það var fyrirfram vitað að svo mundi fara og hann tók óhikað á sig þær afleiðingar af takmörkunum manna. Um það bil 30 árum síðar, er hann hafði lokið þessu starfi sínu, tók hann meistarastigið eða fimmtu vígsluna og þá birtist hann sem Appolonius frá Tyana. Er sagt að eitt af verkum hans hafi verið að ferðast um rómverska heiminn og Miðjarðarhafslöndin og mun hann jafnvel hafa komið hingað til Vesturlanda. Á þessum ferðum sínum muni hann hafa grafið í jörðu á ýmsum stöðum magnaða gripi, sem veita orku og lyfta undir áhrif hinna andlegu afla í heiminum, og stendur þessi starfsemi hans í nánú sambandi við þróun sjöttu menningarinnar, sjötta kynstofnsins, sem kvað hefja göngu sína eftir náega 700 ár. Á þessu má sjá að skipulagning vinnuhraða Hins hvíta bræðralags er ekki bundin við neina 5 ára áætlun. Sjónsviðið hvað tíma og rúm áhrærir er að nokkrum mun víðtækara.

Yfirsýn starfsmannanna og stjórnendanna er mörgum sinnum víðtækari en menn almennt halda og skynjunin nær óendanlega mörgum sinnum lengra, bæði aftur í tímann og fram í tímann, Hann sagði: „Ég er ekki kominn til þess að rífa niður lögmálið, heldur til þess að fullkomna það.“

Verk hans var að vinna í samræmi við hina guðdómlegu þróunaráætlun, eins og hann sá hana fyrir sér mótaða á hinum miklu tilverustigum alveru. Það, er hin guðdómlega hugsun um þróun lífsins, eins og hún var mótuð þar áður en heimurinn varð til.

Verk hans var að auka við og bæta hinar trúarlegu hugmyndir og gera þær aðgengilegri með tilliti til þess þróunarstgs, sem hinar Arisku þjóðir, einkum Vesturlandamenn, voru staddir á og myndu feta í framtíð. Þetta sést best á því, að menn eru ekki enn þess megnugir að lifa nema örlítið af þeim kröfum, sem kristna trúin gerir til játenda sinna. Það er ekki í rauninni fyrr en í óralangri framtíð að mennirnir verða þess megnugir að mynda það guðsríki á jörðu, sem þeim er ætlað að skapa.

Því er af sumum haldið fram, að Jesús hafi áður en hann var á Gyðingalands fyrir 19 öldum komið fram sem Jeshúa og Jóshúa, og eru þessi nöfn kunn í Biblíunni frá, dögum spámanna.

Frá því er sagt, að hann hafi komið fram í Tíbet á 14. öld sem Tsong ka pa í þeim tilgangi að hreinsa Norður Búddhatrúna. Hafi hann þá stofnað gullhettur, þá munkareglu, sem síðan hefur stjórnað Tíbet og er Dalai Lama æðsti maður hennar. Er hún opinber stofnun og á mörg klaustur þar austur frá. Klaustrin í Tíbet eru eins konar bæir út af fyrir sig og eru þeir byggðir smáhúsum, sem eru venjulega vistarverur fyrir einn mann hver. En svo er einnig aðal bygging, þar sem munkarnir koma saman á ákveðnum tíma til bæna og fræðaiðkana. Hafa klaustur þessi, sum þeirra, svo skiptir þúsundum munkka, t. d. Búm Búm-klaustrið í norðaustur Tíbet, sem hefur um 7000 munkka.

Það var fyrir nokkrum árum álitid að Taschi Lama væri hinn veraldlegi stjórnandi í Tíbet. Það er rangt. Hann er æðsti maður munkareglu þeirrar, sem nefnist Rauðhettur og hefur aðsetur í Sigatze. Er sú regla talin nú að vera hreinni frá trúarlegu sjónarmiði en Gullhettur, sem ráða þar ríkjum.

Meistarinn Jesús kvað hafa líkama, sem er yfir 300 ára gamall. Hann kann þá list, sem öll ofurmenni nema, að halda líkama sínum síngum og eiga menn einnig að ná sams konar tókum á líkama sínum í framtíð. En þetta er ekki unnt á meðan menn iðka grófar nautnir, eiturnautnir alls konar, sem eyðileggja byggingu og starfsemi líkamans og draga hann niður í sorpið.

Trúarbrögðin teljast sérstaklega þessum geisla, bláa geislanum, eins og áður hefur verið vikið að. Þau eru, eins og kunnugt er, mjög áberandi þáttur í þróun manna. Þau hafa unnið og vinna sérstaklega á leið tilfinninganna og hefur tilgangur þeirra til þessa verið sá, að hreinsa og faga tilfinningalífið og lyfta því á ætíð hærra stig. Samsvarar þetta að nokkru leyti þeim skóla Indverja, er nefnist Bhakti Yoga, eða leið kærleikans, tilfinninganna og trúartilbeiðslunnar.

Er talið að þessi leið muni vera sú leiðin, sem léttast er að feta í áttina til fullkomunar.

Skilyrði fyrir hinni hærri þróun er fágun siðferðisins. Þess vegna hefur kirkjan og trúarbrögðin yfir höfuð lagt mikla áherzlu á þessa hlið hins góða og beint mönnum ákveðið inn á þá braut. Hin hugræna eða heimspekilega hlið varð útundan, og gerðist það hér í Vesturlöndum, er trúspekingarnir klofnuðu frá kirkjunni og hún missti sambandið við launhelgarnar, sem voru að þeim tíma bakhjarl hennar og forðabúr hinnar innri þekkingar.

Árangurinn af starfi kirkjunnar hefur þegar orðið mikill. Á það benda margir hinna helgu manna, sem vitað er að hafa lifað heilögu lífi og fetað með gleði veg þrenginga og ofsókna, en aldrei vikið frá hinni innri braut sinni. Þeir hafa með staðfestu fetað veg fórnarinnar eins og fyrirmynd sú, sem þeir hafa ætíð lifandi í hugskoti sínu, hinn mikli stofnandi og gefandi hinnar kristnu trúar, Jesús Kristus. Þeir hafa kappkostað að líkjast honum í raun og sannleika.

Öllu þókar áfram hægt og hægt. Það er ekkert áhlaupaverk að breyta afstöðu manna og beina þeim inn á brautir bætts siðferðis og innræta þeim ætíð meiri, strangari og hreinni lífsvenjur. Þetta hefur í raun réttari verið tilgangur allra trúarbragða. Og má segja að mikið hafi áunnizt.

Fyrir hér um bil eitt þúsund árum lauk víkingaöldinni. Þá var það álitinn mikill frami að fara í víking og gera strandhögg og ræna og rupla og myrða þá, sem eitthvert viðnám vildu veita og vernda rétt sinn og eignir, og á þann hátt öfluðu víkingarnir ýmiss konar auðæfa og fylltu skip sín með þeim og fluttu með sér til heimkynna sinna. Þeir voru álitnir miklir menn fyrir þessar sakir, náðu miklum völdum og yfirunnu konunga þá, sem fyrir voru.

Nú á tímum, jafnvel að þessum stutta tíma liðnum eða um þúsund árum, er hin almenna skoðun á þessum efnum gerbreytt. Nú er það álitid óhæfuverk, sem varðar hörðustu refsingu, að myrða mann. Breytingin er svo mikil, að gersamlega er snúið við.

En það er annað mál er viðurkemur siðferðilegar hugsjónareglur eða lifa þær og fullkomna. Hugsjónirnar eru fyrsta sviðið til þess, sem verða skal. En löng er leiðin frá því, er einn einstaklingur hefur meðtekið hugsjónina, fengið áhuga fyrir henni og gert hana að lifandi afli í lífi sínu og þann veg gefið öðrum eftirdæmi, kennt öðrum að þekkja hana og viðurkenna. Og mikla baráttu þarf til þess að fá mennina til þess að viðurkenna réttmæti hennar. Löng er leiðin, sem brautryðjandinn verður að feta þangað til að svo langt er komið að menn fara almennt að viðurkenna gildi hennar og gagnsemd.

Við þurfum ekki að leita lengi til þess að finna, að svona er það í raun og veru. Albindindi á áfengi og aðrar sterkar nautnir hefur verið baráttuefni allan þann tíma, sem sögur ná aftur í tímann og hefur það verið grundvallarkrafa, sem einstaklingurinn verði að fullnægja fyrr eða síðar, ef hann á að megna með góðum árangri að lifa andlegu lífi.

Þessari grundvallarkröfu trúarbragðanna hafa menn, margir hverjir, ekki treyst sér til að mótmæla, en hafa hliðrað sér hjá að gera að veruleika í lífi sínu. Og þó er þetta ein léttasta krafan að fullnægja. Það virðist því vera löng leið frá því að vera ómóttækilegur fyrir hugsjónina og að viðurkenna réttmæti hennar.

En miklu lengri er leiðin frá viðurkenningunni og til þess, er hugsjónin er orðin að lifandi orku í lífi einstaklinganna, og ræður athöfnum þeirra og aðstæðu allri. Heimurinn á langt í land, þrátt fyrir góðan vilja, til þess að fullkomna og leggja þann sjálfsgæða grundvöll, sem trúarbrögðin hafa frá upphafi vega brýnt fyrir mönnum, til þess að á honum verði unnt að byggja raunverulega andlegt heilbrigt líf, sem sé honum þóknanlegt, sem er kjarni alls sem lifir.

Það munu því líða langir tímar þangað til mennirnir megna með lífi sínu að fullnægja hinni miklu kröfu kristindómsins. „Verið fullkomnir, eins og faðir yðar á himnum er fullkominn.“ Það verður ekki fullkomnað með orðum og predikunum einum. Það verður að gerast með, verkum, með ákveðinni athöfn, með þegjandi athöfn.

Það, sem þegar hefur gerst í þessum efnunum, ber þó að þakka trúarbrögðunum að mestu leyti og þeirri viðleitni manna að lifa samkvæmt kenningum þeirra. En trú og trúartilfinning ein og út af fyrir sig er ekki einhlít og þá kemur margt til greina, þegar um þessa þróun er að ræða, eins og margt annað.

Vegna þess að þróunin er nú komin á það stig, að hugsanahæfileikinn er mjög áberandi í áhrifum, einkum sú tegund hugsunar, sem starfar í formi, er hætta á að ýms fyrirbrigði gerist, sem tefja og draga úr þróun tilfinninganna og trúarlífsins. Einnig er hitt eigi sjaldgæft, að trúar- og tilfinningamenn hafi gert ýmsar skyssur og ekki sést fyrir í ákafa sínum.

Á seinni hluta hinnar 19. aldar reis upp hér í Vesturlöndum rík vantrúaralda, og voru aðalforsprakkar hennar svo nefndir menntamenn, og hafði hún um hríð mikil áhrif í þá átt að afneita öllu andlegu og yfirnáttúrlegu og gekk hún því út á yztu nöf gegn ofsatrúarmönnum tilfinningastefnunnar. Þetta fyrirbrigði er að mínum dómi eitt sérkenni þeirra áhrifa, sem eru að gera vart við sig, sem milli tveggja grundvallarstefna í hugarþróun manna og yfirfærslu frá einu þróunarskeiði til annars. Þetta hefur komið í ljós áður, og eðlilegt að það geri vart við sig á ný, þegar ný menning er í aðsigi.

Ég mun fara nánar inn á þessi atriði í næstu og síðustu grein þessa greinarflokks um geislana, þegar ég tala um fjólubláa geislann og þróun hans.

Jón Árnason, prentari.